



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/545*  
*komudagur 29.11.2007*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.  
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar.

Reykjavík, 27. nóvember 2007

Ég vísa til bréfs Efnahags- og skattanefndar frá 22. þ.m., stílað á Kjaradóm og mig sem formanns hans. Í bréfinu er beiðst álitis Kjaradóms á frumvarpi til breytingar á lögum nr. 47/2006 um kjararáð (þskj. 257 – 237 mál).

Ugglaust er hér um mistök að ræða, þar sem Kjaradómur var einmitt lagður niður með lögum nr. 47/2006, sbr. 12. gr.

Hitt er annað mál, að þau atriði sem nú er lagt til að breytt verði, gerði ég að umtalsefni á fundum efnahags- og viðskiptanefndar, þegar lögum um kjararáð voru þar til umfjöllunar. Þessi tillaga, sem nú liggur fyrir, er enn ófullkomin að mínu mati. Ég er þeirrar skoðunar að launum og öðrum kjörum skuli menn almennt ráða til hlunns með samningum, sé þess nokkur kostur. Telji ríkisvaldið að ekki sé hægt að veita öllum starfmönnum þess samningsrétt þá sé nauðsynlegt að afmarka með skýrum hætti í lögum hvaða aðilar/stéttir hafa ekki slíkan rétt. Gjalda ber varhug við að láta úrskurðaraðila hafa (nánast) frjálst mat um það hverjir eiga að falla undir kjaraákvæðanir hans. Það er heldur ekki sanngjarnt gagnvart viðkomandi launþega, ef kjararáð getur tekið af honum samningsréttinn eftir að viðkomandi aðili réð sig til starfa í þágu ríkisins. Slíkt verður að gera með skýrri lagaheimild.

Leyfi mér annars að vísa til bréfs mín til Efnahags- og viðskiptanefndar frá 24. apríl 2006

Virðingarfyllst,

Garðar Garðarsson hrl.

fyrirverandi formaður Kjaradóms.

**Eigendur**

Garðar Garðarsson, hrl.  
Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.  
Viðar Lúðvíksson, hrl.  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.

**Fulltrúar**

Daniel Isebarn Ágústsson, hdl  
Eiríkur Jónsson, hdl.  
Grimur Sigurðsson, hdl.  
Ívar Pálsson, hdl.  
Jóna Björk Helgadóttir, hdl  
Tómas Hrafn Sveinsson, lögfr.

**Köllunarklettsvegi 2**

104 Reykjavík  
Sími: 520-2900  
Fax: 520-2901

**Hafnargötu 31**

Pósthólf 16  
232 Keflavík  
Sími: 421-1733  
Fax: 421-4733

**Landslög ehf.**

Kt.: 601169-0109  
Vsk.: 61807  
Banki: 1109-26-2900  
www.landslog.is

Reykjavík, 24. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð, mál 710.

Með bréfi dags. 19. þ.m. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Kjaradómi til umsagnar frumvarp til laga um kjararáð, mál 710. Þess var óskað að umsögn Kjaradóms lægi fyrir eigi síðar en í dag.

Eins og þingnefndinni er kunnugt, þá sitja fimm dómendur í núverandi Kjaradómi; allt fólk sem hefur önnur störf sem aðalstörf. Er ég reyndi að ná saman fundi til að fjalla formlega um beiðni yðar kom í ljós, að einungis tveir dómenda eru staddir hérlendis. Getur því ekki komið til formlegrar álitsgjafar núverandi Kjaradóms með svona stuttum fyrirvara. Neðangreint eru því hugleiðingar mínar sem formanns í liðlega níu ár.

Kjaradómur hefur við ýmsis tækifæri bent á það að lagfæringa væri þörf á lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Hefur einkum verið bent á að óheppileg væri sú skipting sem komið var á með þeim lögum, þar sem kjaranefnd fjallaði um embættismenn og aðra hópa og Kjaradómur um þjóðkjörna menn og ráðherra, en auk þess dómara og nokkra embættismenn sem ættu miklu betur heima með öðrum embættismönnum með tilliti til menntunar og starfa. Með núverandi frumvarpi er að nokkru komið til móts við þessi sjónarmið Kjaradóms og því ber að fagna.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Í 1. gr., 1 mgr. 4 gr. og í 5. gr. frumvarpsins eru verkefni kjararáðs afmörkuð, en með víðari hætti en í lögum nr. 120/1992. Er þarna gert ráð fyrir að kjararáð ákveði að nokkru sjálft, laun hverra það ákvarðar eða eins og segir: “..... sem svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt.....” Við þetta er þá athugasemd að gera, að samningsrétturinn telst til mikilvægustu réttinda launamanna og var það baráttumál stéttarfélaga og samtaka í áratugi að koma á slíku kerfi. Gjalda verður varhug við því, að skerða slík réttindi með einhliða ákvörðum kjararáðs. Það hefur þó verið litið svo á, að séu fyrimæli í lögum um það að t.d. kjaranefnd eða Kjaradómur eða einhver þriðji aðili úrskurði mönnum laun, þá séu launþegar við það bundnir. Það gæti því komið til greina að bæta hér við ákvæði í þá veru, að viðkomandi starfsmaður hafi óskað eftir því að kjararáð úrskurði laun hans, ef starf hans fellur ekki undir þá hópa sem beinlínis eru tilgreindir í lögnum.

Í 2. gr. er fjallað um fjölda ráðsmanna og hver þá skipar eða kýs. Við þær tillögur hef ég þá persónulegu athugasemd að gera, að ég tel farsælla fyrir starfsfrið væntanlegs kjararáðs, að ráðsmenn verði sjö en ekki fimm. Hið “daglega” kjararáð verði skipað þremur mönnum, eins

og frumvarpið gerir ráð fyrir, en í fullskipuðu kjararáði sitji hins vegar hreinn “utanaðkomandi” meirihluti, þegar taka skal ákvörðum um launakjör þeirra sem 3. gr. frumvarpsins ráðgerir. Lagt er til að þeir sem skipa þennan aukna meirihluta verði allir kosnir af Alþingi og viðeigandi breytingar því gerðar á 2. mgr. 2. gr. Ástæðan fyrir þessari tillögu minni er, að ég sé ekki að fyrirkomulagið sem lagt er til með frumvarpinu, verði til þess að friður verði um launaákvörðanir til handa þingmönnum og ráðherrum. Er því eðlilegt, að Alþingi beri sjálft pólitíska ábyrgð á launaákvörðunum til handa þingmönnum og öðrum sem undir 3. gr. fjalla.

Hvað varðar 2. gr. er einnig því við að bæta, að eðlilegt er að horft verði til hæfis þeirra sem kjörnir verða til setu í kjararáði. Það má ekki gleyma því, að kjararáði er ætlað að fjalla um mikilsverð réttindi manna en auk þess þarf að huga að því, að ráðið hefur óhjákvæmilega áhrif á launa- og starfsmannastefnu ríkisins. Nauðsynlegt er að í ráðinu sitji menn sem hafa góða yfirsýn yfir vinnumarkaðinn og kunnáttu á sviði vinnuréttar og starfsmannamála almennt og hafi auk þess greiðan aðgang að þeim aðilum sem marka starfsmannastefnu ríkisins á öðrum vettvangi en hjá kjararáði.

Í 6. gr. er það nýmæli, að aðilum gefst kostur á að reifa sjónarmið sín fyrir kjararáði, bæði munnlega og skriflega. Í núgildandi lögum er einungis kveðið á líka málsmeðferð fyrir kjaranefnd en Kjaradómi hefur borið að afla sér sjálfstætt gagna, án atbeina málsaðila. Framkvæmd þess ákvæðis hefur hins vegar verið sú, að Kjaradómur hefur ávallt sinn óskum aðila um fundi, þar sem einstaklingar eða hópar hafa reifað sjónarmið sín fyrir Kjaradómi og eins hefur Kjaradómur kallað aðila til sín að eigin frumkvæði til að afla upplýsinga eða fá fram viðhorf aðila. Þá er gert ráð fyrir í niðurlagi 6. gr. frumvarpsins, að munnlegur málflutningur geti farið fram fyrir ráðinu og er þá að nokkru komið í sama horf og var fyrir gildistöku laga nr. 92/1986.

Í 8. gr. eru fyrirmæli til ráðsins um það hvers skuli gæta í launaákvörðunum. Verður ekki betur séð, að enn séu þær þversagnir í þessum fyrirmælum, sem reyndust núverandi Kjaradómi erfiðastar viðfangs. Í bréf sem ég undirritaður send nefnd, sem skipuð var til athugunar á lögum nr. 120/1992 og birt er sem fylgiskjal nr. I. með frumvarpinu og í bréfi til forsætisráðherra dags. 23. desember 2005 sem birt hefur verið opinberlega, var gerð ítarleg grein fyrir launaflokkakerfi Kjaradóms og ákvörðum dómsins um sambærileika starfa. Þar er einnig bent á, að ekki dugar alltaf að framreikna einhverja eldri launaákvörðun, þegar Alþingi hefur sjálft gert einhverjar þær breytingar á starfsumhverfi viðkomandi einstaklinga eða hópa, sem kallar á endurskoðun launakjara viðkomandi. Er það m.a. bent á breytingar á launakjörum forseta Íslands við afnám skattfrelsis launa hans og breytinga sem urðu á starfsumhverfi héraðsdómara við gildistöku dómstólalaganna.

Ekki er fullkomlega ljóst, hvað er átt við í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Er þar átt við “*almenna þróun kjaramála á vinnumarkaði*” eða “*þróun kjaramála á almennum vinnumarkaði*”, en á þessu tvennu er reginmunur? Kjaradómur taldi sér skylt, með tilliti til fyrirmæla um sambærileika starfa, að taka mið af hinu fyrrnefnda og taldi þau fyrirmæli ganga frammar öðrum fyrirmælum laganna. Með hinu síðarnefnda er átt við þau launakjör og breytingar er verða á þeim við kjarasamninga sem aðildarfélag ASÍ og vinnumarkaðarins gera með sér. Launakjör verkafólks og háskólamenntaðra manna hafa ekki þróast fyllilega eins. Bent er á, að væntanlega eru flestir þeir sem kjararáð á að ákvarða laun, með háskólamenntun. Eðlilegt er, að launakjör þeirra einstaklinga og hópa þróist með svipuðum hætti og háskólamenntaðir menn ná fram í frjálsum kjarasamningum og sama gildir um aðrar viðmiðunarstéttir kjararáðs. Ella getur ríkinu reynt erfitt að laða til sín hæft fólk til starfa.

Að lokum vil ég gera athugasemd við 2. mgr. 10. gr., en þar segir að ákvarðanir sínar um innbyrðis launahlutföll geti kjararáð tekið þriðja til fjóra hvert ár, en þess á milli fylgi þær launavísitölu. Hér ber nýrra við, ef lögbinda á kjör tiltekinna hópa, þ.á.m. alþingismanna, við launavístölu. Það hefur verið stefna ríkisvaldsins í langan tíma að binda laun ekki við vísitölur og er bent á að þessi yrði jafnskjótt krafa annarra “launþega” og mundi leiða til sjálfvirkrar “vísitöluskrúfu”, ef þetta yrði lögfest.

Eftirsjá er af nafni Kjaradóms, sem hefur verið notað við breytilegar aðstæður allar götur frá árinu 1962.

Undirritaður er reiðubúinn til að mæta á fund nefndarinnar til að skýra framangreind sjónarmið frekar, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

---

Garðar Garðarsson hrl.  
Formaður Kjaradóms